



Reykjavík, 20. maí 2021

ÞON21070019

Til Borgarráðs
Ráðhús Reykjavíkur

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi kostnað við innleiðingu Microsoft Office 365 í skólaumhverfi Reykjavíkurborgar - R21050179.

Vísað er til bréfs, dagsett 20. maí 2021, þar sem óskað er eftir svörum frá Þjónustu- og nýsköpunarsviði um upplýsingar er kostnað við innleiðingu Microsoft Office 365 í skólaumhverfi Reykjavíkurborgar.

Virðingafyllst,

Friðþjófur Bergmann
Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Svar

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Friðþjófur Bergmann, skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi kostnað við innleiðingu Microsoft Office 365 í skólaumhverfi Reykjavíkurborgar - R21050179.

Á fundi borgarráðs þann 20. maí 2021, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 74 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Borgarfulltrúi Flokks fólksins veit til þess að bóúð er að innleiða Microsoft Office 365 í allt skólaumhverfið borgarinnar. Þar er um að ræða svokölluð skólaleyfi sem hljóta að vera ódýrari en þau leyfi sem þarf að kaupa af Microsoft vegna innleiðingar Office 365 í skrifstofuumhverfi Reykjavíkurborgar. Í framhaldi af því spyr borgarfulltrúi Flokks fólksins um hversu mikill kostnaðarauki verður af þessari innleiðingu miðað við þann kostnað sem Reykjavíkurborg hefur verið að greiða Microsoft fyrir þann Office hugbúnað sem í notkun hefur verið árum saman í skrifstofuumhverfi borgarinnar? Einnig langar borgarfulltrúann að vita hvort borgin hafi nokkurn tíma kannað hvort hægt hefði verið fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að sameinast í leyfakaupum af Microsoft og jafnvel ná með því betri tilboðum vegna aukins fjölda leyfa sem yrði vegna slíks sameiginlegs útboðs. Hefur borgin kannað möguleika á sameiginlegt útboð til að fá betra samninga?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar Þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsett þann 20. maí 2021.

Svar:

Einfalda svarið við fyrirspurn borgarfulltrúans er: Já.

Almennt fá skólar 90% afslátt af leyfum og aðrar stofnanir hins opinbera 40%. Svigrúm til frekari afslátta er lítið í samningum og er þá oft samið um aukna þjónustu, sveigjanleika við talningu leyfa í notkun og þess háttar. Þessi einfalda útskýring segir þó alls ekki alla söguna, því málið er ekki svona einfalt.

Skóla- og frístundarsvið hefur verið að nota Microsoft Office 365 bæði fyrir skólastjórnendur, kennara og í kennslufræðilegum tilgangi fyrir nemendur en ekki alltaf með þeim árangri sem sviðið sjálft hefði óskað. Skóla- og frístundasvið hefur því lagt í mikla og metnaðarfulla vinnu við að greina hvaða búnaður og kerfi eru best til þess fallin að stuðla á árangursríkri nýtingu upplýsingatækni til náms og kennslu.



Niðurstaða Skóla- og frístundasviða er sú að Google Gsuite (Gskolar.is) sé best til þess fallið að ná markmiðum sviðsins þegar að nýtingu upplýsingatækni í kennslufræðilegum tilgangi kemur. Því hefur verið tekin ákvörðun um að allir skólar fari í Google Gsuite og þeir skólar sem þegar eru í Microsoft Office 365 umhverfinu muni útleiða það og í staðin innleiða Gsuite.

Áður fyrr var meira hagræði fyrir borgina innifalið í nemandaleyfum Microsoft Office 365 en það var vegna þess að á þeim tíma féll starfsemi ÍTR og MOF einnig undir þau leyfi vegna skilgreiningu Microsoft. Á síðasta ári breyttist skilgreining Microsoft sem hafði þær afleiðingar að skólasamningurinn við borgina hækkaði í heildina um 40%, vegna þess að leyfisgjöld ÍTR og MOF sexfölduðust. Í stað 90% skólaafsláttar fengu þau 40% afslátt sem opinberir aðilar, á meðan nemandaleyfin héldust óbreytt.

Eins og Borgarráði hefur áður verið greint frá, hefur starfsfólk Reykjavíkurborgar starfað um árabíl í tveimur nokkuð ólíkum upplýsingatæknumhverfum (e. domain) þ.e.a.s. annars vegar í skóla- og frístundaumhverfi (rvkskolar.is, rvkfri.is) sem felur í sér nemendur, kennara og skólástjórnendur og svo skrifstofuumhverfi (reykjavik.is) sem felur í sér alla aðra starfsmenn borgarinnar auk borgarfulltrúa hennar. Þessi umhverfi tengjast ekki vel og því ganga samskipti og flutningur gagna oft illa þar á milli. Í þessu tvískipta umhverfi felst dulinn kostnaður og því hefur lengi verið stefnt að því að setja alla starfstaði Reykjavíkurborgar í eitt umhverfi, það er að sameina þá undir reykjavik.is til að einfalda alla stýringu og utanumhald aðganga og auðkenna.

Hversu mikill kostnaðarauki verður af þessari innleiðingu miðað við þann kostnað sem Reykjavíkurborg hefur verið að greiða Microsoft fyrir þann Office hugbúnað sem í notkun hefur verið árum saman í skrifstofuumhverfi borgarinnar?

Þegar horft er á innleiðingu Microsoft office 365 þá verður að horfa á þá innleiðingu í samhengi við aðra fjárfestingu sem áætluð er næstu þrjú árin og með hagræði og virðisauka í huga. Innleiðing Microsoft Office 365 er nauðsynlegur þáttur í stuðningi við stafræna vegferð og þar með partur af Græna planinu. Með innleiðingunni er dregið úr mikilvægi miðlægs búnaðar í rekstri UTR sem kominn er til ára sinna og þar með minnkar á sama tíma þörfin fyrir fjárfestingu í nýjum miðlægum búnaði. Kostnaðaraukinn, að meðtaldri hækkun vegna breytinga á leyfagjöldum ÍTR og MOF er rétt rúmar 200 milljónir króna. Á sama tíma er hagræðið af innleiðingunni í samhengi annara fjárfestingaverkefna á áætlun upplýsingatækniþjónustu 200-300 milljónir.

Einnig langar borgarfulltrúann að vita hvort borgin hafi nokkurn tíma kannað hvort hægt hefði verið fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu, að sameinast í leyfakaupum af Microsoft og jafnvel ná með því betri tilboðum vegna aukins fjölda leyfa sem yrði vegna slíks sameiginlegs útboðs. Hefur borgin kannað möguleika á sameiginlegt útboð til að fá betra samninga?

Aðrir möguleikar og leiðir hafa sannarlega verið kannaðar en ekki skilað betri eða hagkvæmari niðurstöðu en hér er kynnt. Til að mynda hefur verið athugað hvort borgin kæmist inn í samninginn sem ríkið gerir við Microsoft en einnig hefur verið skoðað með Microsoft á Íslandi hvernig og hvort sveitafélögin á Íslandi geti sameinast um innkaup á leyfum.



Svarið sem borist hefur úr höfuðstöðvum Microsoft er að sveitafélögin geti ekki farið inn í Ríkissamninginn því ríki falli undir önnur leyfisgjöld en sveitafélög. Einnig svaraði Microsoft því til að tilboð þeirra í innleiðingu á Office 365 væri það hagstæðasta sem í boði væri en þeir væru tilbúnir að vinna með Reykjavíkurborg og öðrum sveitafélögum að einfalda leyfisumhverfið og innkaup fyrir öll sveitafélög þannig að þegar að endurnýjun leyfa kæmi þá næðist hagræði.

Virðingafyllst,

Friðbjófur Bergmann
Skrifstofustjóri upplýsingatækniþjónustu